

Punkturinn 1.tbl. 4.árg. 2013 - Fréttabréf um skattamál

Með þessu fyrsta tölublaði ársins 2013 förum við yfir helstu skattabreytingar ársins 2013. Þá er að finna umfjöllun um álit Eftirlitsstofnunar EFTA frá því í nóvember 2012, en þar var komist að þeirri niðurstöðu að Ísland hafi gerst brotlegt við EES samninginn. Að lokum vill Skatta- og lögfræðisvið Deloitte minna á að starfsmenn þess eru ávallt reiðubúnir að veita aðstoð á sviði skatta- og lögfræðimála.

- **Yfirlit yfir helstu skattbreytingar ársins 2013.**
Sjá nánar umfjöllun á bls. 2-4.
- **Að mati Eftirlitsstofnunar EFTA hefur Ísland gerst brotlegt við EES samninginn með því að skattleggja óinnleystan hagnað hjá fyrirtækjum sem renna saman þvert á landamæri, þ.e. Íslandi er óheimilt að beita mismunandi reglum um samruna milli landa og samruna innanlands.**
Sjá nánar umfjöllun á bls. 5.



Helstu skattbreytingar 2013

Yfirlit yfir allar helstu skattbreytingar sem tóku gildi um áramót



1. Skattlagning einstaklinga

Staðgreiðsla 2013, stighækkandi tekjuskattur

Árstekjur:

Undir kr. 2.897.703 (tekjuskattur 22,9 + meðalútsvar 14,42).....	37,32%
Kr. 2.897.703 - 8.874.108 (tekjuskattur 25,8 + meðalútsvar 14,42).....	40,22%
Yfir kr. 8.874.108 (tekjuskattur 31,8 + meðalútsvar 14,42).....	46,22%

Staðgreiðsla lækkar um 0,2% í öllum þrepum.

Sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs aðila hærri en kr. 8.874.108 skal það sem umfram er skattlagt með 25,8% skatthlutfalli allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir kr. 8.874.108, þó reiknast 25,8% skatthlutfall aldrei af hærri fjárhæð en kr. 2.988.203 við þessar aðstæður.

Fjárhæðamörk skattþrepa einstaklinga taka breytingum í upphafi árs og fyrir árið 2012 er hækkunin 5%. Persónuafsláttur einstaklinga hækkar um 4,2%.

Persónuafsláttur

Tekjuárið 2013 (kr. 48.485 á mánuði) 581.820 kr.
Hækkun um 4,2%.

Heimilt er að færa allt að 100% af persónuafslætti milli hjóna og sambúðarfólks sem og aðila í staðfestri samvist og skráðri samvist. Börn innan 16 ára njóta ekki persónuafsláttar. Eftirlifandi maki getur nýtt persónuafslátt hins látna í níu mánuði eftir andlát.

Skattleysismörk eftir lífeyrissjóðsfrádrátt 2013 1.623.960 kr.

Sjómannaafsláttur

Á dag tekjuárið 2013 246 kr.

Styrkur frá vinnuveitanda til að nýta vistvænar samgöngur - samgöngugreiðslur

Ekki skal telja til skattskyldra hlunninda greiðslu launagreiðanda á kostnaði launþega vegna ferða milli heimilis og vinnustaðar og/eða vegna ferða í þágu launagreiðanda, ef nýttar eru almenningssamgöngur eða vistvænn samgöngumáti að hámarki samtals 7.000 kr. á mánuði og að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- Undirritaður sé formlegur samningur milli launagreiðanda og launþega um nýtingu á almenningssamgöngum eða vistvænum ferðamáta vegna ferða launþegans til og frá vinnu sinnar og/eða vegna ferða í þágu launagreiðanda.
- Með vistvænum samgöngumáta er átt við að nýttur sé annar ferðamáti en með vélknúnum ökutækjum samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga, t.d. reiðhjól eða ganga.

Séu framangreind skilyrði ekki uppfyllt er alltaf um að ræða skattskyld hlunnindi án frádráttar ef greiðsla er vegna ferða launþega til og frá vinnu.

Útsendir starfsmenn

Vegna tekjuáranna 2013, 2014 og 2015 er heimilt að undanþiggja skattlagningu laun starfsmanna sem eru við vinnu erlendis samfellt í sex mánuði eða lengur. Lækkun tekjuskatts er þó ekki heimil ef tvísköttunarsamningur milli Íslands og vinnuríkisins kveður á um að Ísland eigi skattlagningarétt á tekjunum. Sanna þarf dvölina erlendis með framvísun vinnusamnings við launagreiðanda og sækja þarf um skráningu sem starfsmaður erlendis hjá skattyfirvöldum.

Frádráttur frá leigutekjum - takmörkuð skattskylda

Aðilum með takmarkaða skattskyldu hér á landi sem hafa tekjur af útleigu íbúðarhúsnæðis, án þess að það teljist til atvinnurekstrar, er frá árinu 2013 heimilt að draga frá þeim tekjum húsaleigugjöld af íbúðarhúsnæði til eigin nota. Frádrátturinn leyfist eingöngu til frádráttar leigutekjum af íbúðarhúsnæði sem ætlað er til eigin nota en er tímabundið í útleigu.

Eftirgjöf skulda einstaklinga utan atvinnurekstrar - framlenging

Sérstakar reglur um skattskyldu eftirgjafar veðskulda og skulda einstaklinga utan atvinnurekstrar vegna bílasamninga hafa verið framlengdar og eiga nú við um eftirgjöf á tekjuárinu 2013.

Vaxtabætur

Í tilvikum þar sem aðeins annað hjóna er skattskyld hér á landi verða frá árinu 2013 vaxtabætur ákvarðaðar eftir þeim reglum sem gilda um hjón, að því gefnu að fyrir liggja upplýsingar um tekjur beggja.

Barnabætur

Barnabætur árið 2013 eru greiddar vegna hvers barns innan 18 ára aldurs (f. 1995 eða síðar). Bæturnar eru tekjutengdar. Við ákvörðun barnabóta eru skerðingarmörk sameiginlegs tekjuskattsstofns hjóna kr. 4.800.000 og einstæðra foreldra kr. 2.400.000. Hlutföll skerðingar eru 3% með einu barni, 5% með tveimur börnum og 7% með þremur börnum eða fleirum. Til viðbótar barnabótum er greidd sérstök hækkun barnabóta að fjárhæð kr. 100.000 með öllum börnum yngri en sjö ára. Hækkunin er tekjutengd og skerðist um 3% með hverju barni. Barnabætur sem eru ákvarðaðar lægri en kr. 2.000 á hvert barn falla niður.

	2012		2013	
	Hjón/ sambúðarfólk	Einstæðir foreldrar	Hjón/ sambúðarfólk	Einstæðir foreldrar
Með fyrsta barni	152.331 kr.	253.716 kr.	167.564 kr.	279.087 kr.
Með hverju barni umfram eitt	181.323 kr.	260.262 kr.	199.455 kr.	286.288 kr.
Hækkun vegna barna yngri en 7 ára	61.191 kr.	61.191 kr.	100.000 kr.	100.000 kr.

2. Skattlagning lögaðila og atvinnurekenda

Fjársýsluskattur

Fjármálafyrirtæki, váttryggingafélög o.fl. 6,75%
Hækkar úr 5,45%. Skattstofninn eru laun og þóknar fyrir störf.

Tryggingagjald/Markaðsgjald

Almennt gjaldstig..... 7,69%
Lækkun um 0,1%
Laun sjómanna..... 8,34%

Vörugjald af bílaleigubifreiðum

Dregið verður úr þeim afslætti sem bílaleigur hafa notið af vörugjaldi á ökutækjum. Þá skulu bílaleigur sem hyggjast nýta lækkun á vörugjaldi standa skil á leyfisgjaldi bílaleiga sem njóta lækkaðra vörugjalda áður en lækkun vörugjalda er veitt.

Eftirgjöf skulda rekstraraðila - framlenging

Sérstakar reglur um skattskyldu eftirgjafar skulda rekstraraðila vegna rekstrar- og greiðsluerfiðleika hafa verið framlengdar og eiga nú við um eftirgjöf á tekjuárinu 2013.

3. Virðisaukaskattur

Endurgreiðsla virðisaukaskatts - framlenging

Þeir sem byggja íbúðarhúsnæði eða frístundahúsnæði fá 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað endurgreiðdan. Endurgreiðslan á einnig við um eigendur íbúðar- og frístundahúsnæðis vegna þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald húsnæðisins. Endurgreiðslan nær einnig til keyptrar þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu íbúðar- og frístundahúsnæðis. 100% endurgreiðsla virðisaukaskatts er tímabundin og gildir til 1. janúar 2014.

Breytingar á skatthlutföllum

1. Sala aðgöngumiða á íslenskar kvikmyndir verður skattskyld með almennum hætti frá 1. janúar 2013.
2. Smokkar verða seldir með 7% virðisaukaskatti í stað 25,5%.
3. Frá 1. júlí 2013 lækkar virðisaukaskattur á sölu á margnota bleium og bleiufóðri úr 25,5% í 7%.
4. Skatthlutfallið af útleigu hótél- og gistiherbergja og annarri gistiþjónustu hækkar úr 7% í 14% þann 1. september 2013.

4. Ýmsar breytingar

- 0,0814% gjald á hreina eign til greiðslu lífeyris fellt niður (átti að vera 2012 og 2013).
- Milligönguáðilar (bankar, og aðrir fjárvörsluaðilar) ber nú að halda eftir staðgreiðslu af söluhagnaði hlutabréfa erlendra aðila.
- Kolefnisgjald á flugvéla- og potueldsneyti fellt brott.
- Skattur af seldri raforku hækkar úr 0,12 kr. á hverja kílóvattstund (kWst) í 0,126 kr. En fellur niður eftir 31. desember 2015.
- Áfengisgjald á sterku víni hækkar um tæp 5%- og tóbaksgjald hækkar um 100% á neftóbaki og 20% á almennu tóbaki. Tóbaksgjald er einnig innheimt í friðhafnarverslun.
- Tímabundin heimild til úttektar séreignarsparnaðar er framlengd til 1. janúar 2014.
- Hækkun á gjaldtöku vegna útgáfu vegabréfa frá 6-10%.
- Felld brott heimild til 85% endurgreiðslu olúgjalds vegna almenningsvagna í áætlunarferðum en endurgreitt í staðinn vegna rekstrar almenningsvagna sveitarfélaga 57% 2013 og 29% 2014.
- Stimpilgjald vegna skilmálabreytinga eða skuldbreytinga lánasamninga vegna fasteigna eða bíla fellt niður.
- Hækkun sóknargjalda.



Rökstutt álit Eftirlitsstofnunar EFTA vegna skattlagningar Íslands á óinnleystan hagnað í tilviki millilandasamruna

Að mati Eftirlitsstofnunar EFTA hefur Ísland gerst brotlegt við EES samninginn með því að skattleggja óinnleystan hagnað hjá fyrirtækjum sem renna saman þvert á landamæri, þ.e. Íslandi er óheimilt að beita mismunandi reglum um samruna milli landa og samruna innanlands.

Þann 28. nóvember 2012 sendi Eftirlitsstofnun EFTA Íslandi rökstutt álit vegna skattlagningar á óinnleystan hagnað félaga þegar þau sameinast félögum yfir landamæri, þ.e. þegar um millilandasamruna er að ræða.

Í álitinu kemur fram að samkvæmt íslenskum lögum þá eru skattar lagðir á óinnleystan hagnað á eignir og hluti félaga heimilisfóstum á Íslandi sem sameinast öðrum félögum innan EES. Hins vegar fer slík skattlagning ekki fram ef félög sem heimilisfóst eru á Íslandi sameinast öðrum félögum sem heimilisfóst eru hér á

landi. Að mati Eftirlitsstofnunarinnar felur þessi ólíka meðferð á skattlagningu hagnaðar í sér mismunun. Slík mismunun er að mati nefndarinnar brot á staðfesturétti 31. gr. sbr. 34. gr. EES samningsins sem og brot á 40. gr. samningsins (frjálst flæði fjármagns) sem kemur í veg fyrir að félög kjósi að stofna til staðfestu í öðrum EES ríkjum.

Eftirlitsstofnunin viðurkennir hins vegar að Íslandi sé heimilt að vernda rétt sinn til að skattleggja hagnað félaga sem myndaðist á meðan þau voru með heimilisfesti á Íslandi. Eftirlitsstofnunin er þó þeirrar skoðunar að Ísland skuli beita mildari aðferðum til að vernda rétt sinn til skattlagningar í þessum tilvikum, t.d. með því að heimila félögum að fresta greiðslu skattsins þegar um samruna á milli landa er að ræða.

Ísland hefur tvo mánuði frá tilkynningu Eftirlitsstofnunarinnar þar um, til að fara eftir álitu stofnunarinnar, að öðrum kosti er stofnuninni heimilt að fara með mál Íslands til úrlausnar fyrir EFTA dómstólinn.

Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir,
sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte

Ritstjóri:

Erna Sif Jónsdóttir, lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.